



Borgarholtsskóli

INNRA MAT
BORGARHOLTSSKÓLA
SKÝSLA FYRIR
SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
2. Úttektir	4
3. Innra mat	4
3.1. Áfangakannanir	4
3.2. Viðhorfskannanir nemenda	6
3.2.1. Hausti 2020	6
3.2.2. Vorönn 2021	7
3.3. Viðhorfskannanir starfsfólks	10
3.4. Starfsmannasamtöl	10
3.5. Aðrar kannanir	10
3.5.1. Könnun um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs starfsfólks	10
4. Umbætur	11

1. INNGANGUR

Sjálfsmati Borgarholtsskóla er ætlað að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöðum matsins er ætlað að mynda markvissan grunn til eflingar skólastarfsins og umbóta samhlíða því að veita örugga upplýsingagjöf um starfsemi skólans og verður hér gert nánari grein fyrir þeim.

Hvað varðar mat og eftirlit með gæðum í framhaldsskólum er skv. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 markmið þess að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Sérstaklega er fjallað um innra mat í 41. gr. sömu laga en þar er tekið fram að framhaldsskólar skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal framhaldsskóli birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá einnig nánari útfærslu á reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010.

Tilgangurinn með innra mati er að auka gæði starfsemi Borgarholtsskóla í heild sinni og stuðla að stöðugum umbótum. Þeir þættir sem matið tekur meðal annars til er mat á kennslu, mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorf þeirra til aðstöðu og starfsumhverfis. Stefnt er að því að hafa mat innan skólans fjölbreytt og því ávallt í endurskoðun hvað megi gera betur og hvernig hægt sé að stuðla að upplýsingaöflun, þó eru fastar aðferðir við sjálfsmat skólans og gagnaöflun eins og áfangakannanir, viðhorfskannanir og starfsmannakönnunin Stofnun ársins auk starfsmannasamtala.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og verkefnastjóri gæðamála hafa yfirumsjón með sjálfsmati Borgarholtsskóla.¹ Í því felst meðal annars áætlanagerð, utanumhald gagna og verkefna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd úrbóta, úrvinnslu og skýrslugerð svo fátt eitt sé nefnt. Sviðsstjórar sjá að lokum um þá þætti sem varða námsbrautir sem undir þá heyra, en fjórir sviðsstjórar starfa hjá Borgarholtsskóla og skiptast sviðin í bóknám, iðn- og starfsnám, listnám og undirbúning- og sérnám.

Innan skólans starfar gæðaráð sem er virkt hvað varðar framkvæmd einstakra þátta matsins svo sem úrvinnslu, gagnaöflun og tillögur að umbótaáætlunum. Sæti í gæðaráði eiga skólameistari, áfangastjóri, fulltrúi kennara og bóksafns- / upplýsingafræðingur auk verkefnastjóra gæðamála.² Gæðaráð fundar reglulega yfir skólaárið en markmiðið í öllu gæðastarfinu er að móta gæðahugsun byggða á gæðastöðlum og ná fram umbótum á allri starfsemi skólans.

¹ Á skólaárinu 2020-2021 voru það eftirfarandi aðilar, Ársæll Guðmundsson, skólameistari, Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, aðstoðarskólameistari og Þórhildur Kristjánsdóttir, verkefnastjóri gæðamála.

² Gæðaráð skipaði á skólaárinu 2020-2021, Ársæll Guðmundsson skólameistari, Anton Már Gylfason, áfangastjóri, Ásgeir Þorsteinsson, fulltrúi kennara, Steinunn Þórdís Árnadóttir, skjalastjóri og Þórhildur Kristjánsdóttir, verkefnastjóri gæðamála.

Fyrir skólaárið 2020-2021 var samþykkt áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir og má finna í henni nánari útlitun á liðum áætlunar um sjálfsmat innan Borgarholtsskóla fyrir árið sem er aðgengileg á [heimasíðu](#) skólans.

Á mynd 1 má sjá áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir fyrir skólaárið sem meðal annars sýnir það innra mat sem áætlað var að framkvæma á skólaárinu.

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður												Ábyrgð / Úttektaraðilar
			Á	S	O	N	D	J	F	M	A	M	J		
Ytri úttektir															
1.	Starfsmannakönnun. Spurt um stjórnendur, vinnuástandið, búið og veliðan á vinnustað.									X				Gallup - Stofnun ársins.	
2.	Viðhaldsúttekt á jafnlaunavottun	Öll skjöl og skrár jafnlaunakerfis										X		Versa vottun	
Innri úttektir															
1.	Lagalegar kröfur og mat á hlútingu .	VKL-0033, VKL-0035, GAT-0037, STS-0017				X								Úttektarteymi	
2.	Jafnlaunakerfið	VKL-0028, STS-0009, STS-0010, STS-0013, STS-0015, STS-0020, STS-0021, VNL-0007, LSM-0008					X							Úttektarteymi	
3.	Nýir starfsmenn, ráðningar og þjálfun	VKL-0001, VKL-0006, GAT-0020						X						Úttektarteymi	
4.	Skjalfesting og skjalastjórn	VKL-0009, VKL-0024, GAT-0041, STS-0016, STS-0018, VNL-0001, VNL-0004							X					Úttektarteymi	
5.	Starfsþróunarstyrkur	VKL-0007, GAT-0015								X				Úttektarteymi	
6.	Launaákvæðanir, launabreytingar og vinna utan vinnuskýrslu	VKL-0030, VKL-0034, VKL-0036, GAT-0016, GAT-0027, GAT-0038, GAT-0039										X		Úttektarteymi	
Innra mat / sjálfsmat															
1.	Áfangakönnun skv. úrtaki				X					X				Verkefnastjóri gæðamála	
2.	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda			X					X					Verkefnastjóri gæðamála	
3.	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks				X									Verkefnastjóri gæðamála	
4.	Stofnun ársins, sjá lið 1 í ytri úttektum								X					Gallup	
5.	Starfsmannasamtöl				X					X				Skólameistari Aðstoðarskólameistari Sviðstjórar	
6.	Skýrslugerð		X			X								Verkefnastjóri gæðamála	
7.	Áætlun endurskoðuð		X											Verkefnastjóri gæðamála	

Mynd 1. Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir á skólaárinu 2020-2021.

2. ÚTTEKTIR

Starfsmannakönnunin Stofnun ársins er gerð árlega hjá Borgarholtsskóla og gert ráð fyrir henni í gildandi áætlunum. Á skólaárinu 2020-2021 varð ekki úr þeirri könnun svo ekki verður gerð grein fyrir niðurstöðum hennar í skýrslu þessari. Í apríl 2021 fór fram eftirlitsúttekt vegna jafnlaunavottunar stofnunarinnar, niðurstaða úttektarinnar var eitt minniháttar frávik sem var sett samstundis í ferli og bætt úr. Næsta eftirlitsúttekt mun fara fram í maí 2022 en skv. 7. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, skal endurnýja vottunina á þriggja ára fresti. Í júlí 2023 þarf að endurnýja vottun Borgarholtsskóla sem kallar einnig á ytri úttekt á jafnlaunakerfinu.

Borgarholtsskóli hefur jafnframt starfandi úttektarteymi sem framkvæmir innri úttektir á jafnlaunakerfi stofnunarinnar og eru skipaðir fyrir hvert skólaár. Á skólaárinu voru alls sex liðir teknir út, en þeir voru eftirfarandi:

- Lagalegar kröfur og mat á hlítingu
- Jafnlaunakerfið
- Nýir starfsmenn, ráðningar og þjálfun
- Skjalfesting og skjalastjórn
- Starfsþróunarstyrkur
- Launaákvæðanir, launabreytingar og vinna utan vinnuskýrslu

Markmiðið með fyrrgreindum úttektum er að fara yfir gæðaskjöl skólans sem tengjast jafnlaunakerfinu og tryggja með því að jafnlaunakerfið samræmist skipulagðri tilhögun um stjórnun jafnlaunamála Borgarholtsskóla og kröfum ÍST 85:2012. Niðurstöður úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundum innan stofnunarinnar eins fljótt og verða má og frávik sett í umbótaferli.

3. INNRA MAT

3.1. Áfangakannanir

Stefna skólans hvað varðar áfangakannanir tók breytingu í upphafi skólaárs en ákveðið var að leggja þær fyrir í öllum áföngum skólans bæði í dagsskóla og dreifnámi í stað eingöngu úrtaks líkt og áður tíðkaðist. Haustönn 2020 er fyrsta önnin sem áfangakannanir eru lagðar fyrir í flestum áföngum skólans, bæði í dagsskóla og dreifnámi. Tilgangurinn er að veita kennurum tíðari endurgjöf á áfangana sína en áður. Niðurstöður áfangakannana eru birtar kennurum í gegnum Innu en þær eru trúnaðarmál milli kennara og stjórnenda. Það er engum vafa undirorpið að endurgjöf á áfanga frá nemendum er góð speglun fyrir stjórnendur og kennara og því gott verkfæri til að greina hvað er gert vel og til að finna tækifæri þar sem gott má bæta. Í kjölfar kannananna taka skólastjórnendur viðtal við fyrirframákveðið úrtak en stefnan er að á þriggja ára tímabili fái allir kennarar slíkt viðtal að minnsta kosti einu sinni. Ferlið í heild sinni er liður í að bæta kennslu og þjónustu við nemendur skólans og hefur reynst vel, bæði þegar niðurstöðurnar hafa verið jákvæðar en einnig gefur það tækifæri til þess að grípa jafnvel fyrr inn í aðstæður ef upp koma vandamál, hefur þá skólameistari getað leitað úrlausna með viðkomandi kennara.

Varðandi niðurstöður áfangakannanna á skólaárinu 2020-2021 var svarhlutfallið á haustönn 2020 57% í dagskóla og 70% í dreifnáminu en á vorönn 2021 47% í dagskóla og 61% í dreifnámi. Umfang og svörin í áfangakönnunum á tímabilinu 2017 til 2021 má sjá í töflu 1.

Tafla 1 Umfang og svörin í áfangakönnun frá haustinu 2017.

	Önn	Fjöldi hópa	Fjöldi nema	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Dagskóli	Haust 2017	39	834	584	70%
	Vor 2018	55	1007	430	43%
	Haust 2018	50	867	487	56%
	Vor 2019	49	701	480	68%
	Vor 2019 Könnun fyrir áfanga með 2 eða fleiri kennarar	11	244	112	46%
	Haust 2019	38	701	397	57%
	Vor 2020	-	-	-	-
	Haust 2020	X	5656	3202	57%
	Vor 2021	364	5544	2601	47%
	Dreifnám	Haust 2017	31	423	290
Vor 2018		41	526	260	49%
Haust 2018		47	493	201	41%
Vor 2019		25	364	235	64%
Haust 2019		39	542	256	47%
Haust 2020		X	493	344	70%
Vor 2021		29	410	252	61%

Ef litið er á þróun svarhlutfalls í áfangakönnunum á tímabilinu 2017-2021 má sjá nokkra lækkun á mynd 2. Þann fyrirvara verður þó að setja á þessa þróun að breytingar hafa orðið á framkvæmd áfangakannanna en byrjað var að leggja áfangakannanir fyrir í fleiri áföngum haustið 2020, þ.e. flestum áföngum skólans en ekki bara samkvæmt úrtaki eins og hafði tíðkast áður.



Mynd 2 Þróun á svarhlutfalli nemenda í áfangakönnunum dagskóla og í dreifnámi á tímabilinu 2017-2021.

Niðurstöður áfangakannanna voru kynntar starfsfólki dags 5. maí 2021. Helstu niðurstöður með tilliti til gildandi gæðamarkmiða voru eftirfarandi:

Spurning 1, „Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í frekara námi, starfi eða einkalífi“, kom þannig út að í heildina að 74% dagskólanema var sammála staðhæfingunni (tafla 3). Nánari sundurlíðun má einnig sjá hér fyrir neðan þar sem svör dagskólanemenda eru greind annars vegar niður á nemendur í hefðbundnu kerfi þar sem 67% voru sammála og hins vegar í lotukerfi þar sem 90% voru sammála.

Tafla 2 Áfangakönnun, svarhlutfall spurningar 1 - sundurliðun.

	Fjöldi svara	Fjöldi sammála	Hlutfall
Hefðbundið kerfi dagskóla	1786	1193	67%
Lotukerfi í dagskóla	763	688	90%
Samtals	2549	1881	74%

Sama spurning kom vel út í dreifnáminu en þar voru 92% nemenda sammála staðhæfingunni.

Spurning 2, „*Námsgögn vekja áhuga minn á efni áfangans*“ kom þannig út að í heildina var 63% dagskólanema sammála staðhæfingunni (tafla 4). Nánari sundurliðun má sjá hér fyrir neðan þar sem svör dagskólanemenda eru greind annars vegar niður á nemendur í hefðbundnu kerfi þar sem 55% voru sammála og hins vegar í lotukerfi þar sem 82% voru sammála.

Tafla 3 Áfangakönnun, svarhlutfall spurningar 2 - sundurliðun.

	Fjöldi svara	Fjöldi sammála	Hlutfall
Hefðbundið kerfi dagskóla	1785	987	55%
Lotukerfi í dagskóla	763	625	82%
Samtals	2548	1612	63%

Spurning 3, „*Búnaðurinn í áfanganum eins og tölvur og tæki er fullnægjandi*“ kom þannig út að í heildina var 74% dagskólanema sammála staðhæfingunni (tafla 5). Nánari sundurliðun á því má sjá hér fyrir neðan þar sem svör dagskólanemenda eru greind annars vegar niður á nemendur í hefðbundnu kerfi þar sem 69% voru sammála og hins vegar í lotukerfi þar sem 85% voru sammála.

Tafla 4 Áfangakönnun, svarhlutfall spurningar 3 - sundurliðun.

	Fjöldi svara	Fjöldi sammála	Hlutfall
Hefðbundið kerfi dagskóla	1785	1234	69%
Lotukerfi í dagskóla	763	648	85%
Samtals	2548	1882	74%

3.2. Viðhorfskannanir nemenda

3.2.1. HAUST 2020

Viðhorfskannanir nemenda voru lagðar fyrir í tvennu lagi, annars vegar fyrir nýnema og hins vegar eldri nema. Svarhlutfall nýnema í könnuninni var 60% en hún var lögð fyrir alls 247 nemendur og af þeim fjölda bárust svör frá 146. Þetta er nokkuð dræmari þátttaka en árið á undan en haustið 2019 var þátttakan 73%. Fjöldi eldri nemenda sem könnunin var lögð fyrir, þ.e. annarra en nýnema, var 853 en af þeim fjölda bárust svör frá 349 nemendum eða 41% sem er svipuð þátttaka og árið á undan, sjá töflu 6.

Tafla 5 Þátttaka í viðhorfskönnun nemenda.

	Nemendur í úrtaki	Svör sem bárust	Svarhlutfall
Nýnemar	247	146	60%
Eldri nemar	853	349	41%

Ákjósanlegt væri að ná betri þátttöku til að niðurstöðurnar endurspegli viðhorf nemenda skólans sem best.

Sérstaka skýrslu þar sem niðurstöðurnar voru teknar saman í heild sinni má nálgast á [heimasíðu skólans](#).

3.2.2. VORÖNN 2021

Viðhorfskannanir nemenda í dagsskóla voru lagðar fyrir nemendur í mars 2021, könnunin hefur ekki áður verið lögð fyrir á vorönn en ákveðið var að leggja hana fyrir í þetta skipti einnig á vorönn enda að margt um sérstakar aðstæður í skólaumhverfinu. Ekki hefur verið birt sérstök samantekt fyrir kannanir vorannarinnar í ljósi þess að um svokallaða aukakönnun var að ræða en fjallað var um niðurstöðurnar í gæðaráði 11. maí 2021. Til fróðleiks verða niðurstöðurnar þó bornar saman við könnunina á haustönn 2020 í þessari skýrslu.

Svarhlutfallið í könnuninum var 49% en nánari upplýsingar um það má sjá á töflu 7 hér fyrir neðan.

Tafla 7 Viðhorfskannanir nemenda í dagsskóla, svarhlutfall.

	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Svarhlutfall á haustönn 2020 Til samanburðar
Nýnemar	234	124	53%	60%
Eldri nemar	749	353	47%	41%
Samtals	983	477	49%	

Helstu breytingarnar á milli anna voru eftirfarandi, sjá töflu 8.

Tafla 8 Viðhorfskönnun nemenda í dagsskóla, helstu breytingar milli ára.

HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA	
Fyrirvari settur við að niðurstöðurnar eru bornar saman við kannanir lagðar fyrir á haustönnum	
Nýnemar	Eldri nemar
<p>1. Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu,</p> <ul style="list-style-type: none"> 51% sammála, lækkun um 28 prósentustig frá síðustu könnun (79%) 13% ósammála, hækkun um 11 prósentustig frá síðustu könnun (2%) <p>2. Mér finnst kennarar í skólanum almennt sanngjarnir og jákvæðir</p> <ul style="list-style-type: none"> 68% sammála, lækkun um 18 prósentustig frá síðustu könnun (86%) <p>3. Ég fæ hrós þegar ég geri eitthvað vel í skólanum</p> <ul style="list-style-type: none"> 60% sammála, lækkun um 10 prósentustig frá síðustu könnun (70%) <p>4. Mér finnst góður vinnuandi / vinnufriður í kennslustundum</p> <ul style="list-style-type: none"> 66% sammála, lækkun um 21 prósentustig frá síðustu könnun (87%) <p>5. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag</p> <ul style="list-style-type: none"> 45% minna en 1 klst. á dag, hækkun um 35 prósentustig frá síðustu könnun (10%) <p>6. Ég nýti mér VÖRÐUR til að íhuga stöðu mína í náminu</p> <ul style="list-style-type: none"> 61% sammála, hækkun um 11 prósentustig frá síðustu könnun (50%) <p>7. Mér finnst gott að foreldrar / forráðamenn mínir fylgist vel með hvernig mér gengur í skólanum</p> <ul style="list-style-type: none"> 56% sammála, lækkun um 19 prósentustig frá síðustu könnun (75%) <p>8. Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta</p> <ul style="list-style-type: none"> 61% sammála, lækkun um 22 prósentustig frá síðustu könnun (83%) <p>9. Ég gæti þess að fá nægan svefn á hverri nóttu og næ að jafnaði</p> <ul style="list-style-type: none"> 24% → 8 klst. eða meira, hækkun um 14 prósentustig frá síðustu könnun (10%) 29% → 7 klst., lækkun um 10 prósentustig frá síðustu könnun (39%) 	<p>1. Skólinn vinnur gegn stöðluðum kynjamyndum, m.a. með fræðslu um jafnréttismál</p> <ul style="list-style-type: none"> 47% sammála, lækkun um 12 prósentustig frá síðustu könnun (59%) <p>2. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag</p> <ul style="list-style-type: none"> 32% minna en 1 klst., hækkun um 12 prósentustig frá síðustu könnun (20%) <p>Mér gengur vel að nýta mér Innu</p> <ul style="list-style-type: none"> 94% já, hækkun um 10 prósentustig frá síðustu könnun (84%) <p>Ég hef orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári</p> <ul style="list-style-type: none"> 95% nei, hækkun um 13 prósentustig frá síðustu könnun (82%) <p>Hvernig líður þér þessa dagana</p> <ul style="list-style-type: none"> 39% ágætlega, hækkun um 10 prósentustig frá síðustu könnun (29%) 14% ekkert sérstaklega vel, sem er 7 prósentustiga lækkun á móti (21%)


<ul style="list-style-type: none"> • 34% →6 klst., hækkun um 13 prósentustig frá síðustu könnun (21%) 	
<p>10. Ég finn fyrir kvíða í skólanum</p> <ul style="list-style-type: none"> • 37% sammála lækkun um 15 prósentustig frá síðustu könnun (52%) • 37% ósammála, lækkun um 15 prósentustig frá síðustu könnun (52%) 	

Spurningin „*Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu*“ er mæling á einu gæðamarkmiði skólans, en í heildina var 61% dagskólanema sammála staðhæfingunni (tafla 9). Nánari sundurliðun á því má sjá hér fyrir neðan þar sem svör nemenda eru greind annars vegar niður á nýnema þar sem 51% voru sammála og hins vegar eldri nemendur þar sem 65% voru sammála.

Tafla 9 Viðhorfskönnun nemenda. Andrúmsloft, svarhlutfall - sundurliðun.

	Fjöldi svara	Fjöldi sammála	Hlutfall
Nýnemar	121	62	51%
Eldri nemar	347	225	65%
Samtals	468	287	61%

Samantekt á helstu niðurstöðum viðhorfskannana nemenda má sjá myndum 8-10 hér fyrir neðan.




Mynd 3 Viðhorfskönnun nemenda, samantekt – skólabragur.

Heimanám

Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag

Nýnemar



Eldri nemendur



Námsálag
59% mikið
36% mátulegt
5% lítið

46% nýta sér náms- og starfsráðgjöf

Samanburður



Námsálag
51% mikið
45% mátulegt
4% lítið


59% nýta sér náms- og starfsráðgjöf

Mynd 4 Viðhorfskönnun nemenda, samantekt - námsálag.

Líðan nemenda

Hvernig líður þér þessa dagana?

Nýnemar




1. Mjög vel 26%
2. Ágætlega 40%
3. Hvorki vel né illa 17%
4. Ekkert sérstaklega vel 14%
5. Mjög illa 3%

37% finna fyrir kvíða í skólanum

5% hafa orðið fyrir einelti í skólanum

Eldri nemendur



1. Mjög vel 22%
2. Ágætlega 39%
3. Hvorki vel né illa 19%
4. Ekkert sérstaklega vel 14%
5. Mjög illa 7%

40% finna fyrir kvíða í skólanum

5% hafa nýlega orðið fyrir einelti í skólanum

Mynd 5 Viðhorfskönnun nemenda, samantekt - líðan nemenda.

3.3. Viðhorfskannanir starfsfólks

Viðhorfskönnun starfsfólks var lögð fyrir allt starfsfólk Borgarholtsskóla á haustönninni. Úrtakið var 156 og af þeim skilaði 79 starfsfólk svörum, svarhlutfallið var 51%. Sjá töflu 10.

Tafla 10 Þátttaka í viðhorfskönnun starfsfólks.

	Úrtak	Svör sem bárust	Svarhlutfall
Starfsfólk	156	79	51%

Þarf að slá þann varnagla við niðurstöðurnar að alls 147 einstaklingar voru á launaskrá hjá skólanum. Jafnframt kom í ljós, á meðan könnuninni stóð, að allt starfsfólk skólans hafði ekki aðgang að Innu. Í kjölfarið var sendur út tölvupóst þar sem óskað var eftir að þeir aðilar sem ekki hefðu aðgang og vildu taka þátt myndu láta vita af sér svo virkja mætti aðganginn fyrir þá. Tveir einstaklingar nýttu sér það.

3.4. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl á skólaárinu 2020-2021 voru með nýju sniði þ.e. fulltrúar í yfirstjórn, sviðstjórar og fóstara mætingar og umsjónar skiptu með sér að taka samtölin. Samtölin eru áætluð 15 mínútur og með ákveðnu þema fyrir utan að ræða alltaf um líðan starfsfólks.

Þema samtalanna haustið 2020 var starfsumhverfið í Covid-19 aðstæðum. Almennt líður starfsfólki skólans mjög vel í störfum sínum og telur að vel hafi til tekist að sinna þjónustu við nemendur innan þess ramma sem Covid-19 setur skólastarfinu.

Þema samtalanna á vorönn 2021 var starfsþróun og endurmenntun. Þegar á heildina er litið endurspegluðu samtölin að mestu ágæta líðan hjá starfsmönnum. Covid-19 hafði þó haft nokkur áhrif á félagslega þáttinn - sem aftur hafði áhrif á bæði vinnu og persónulegt líf. Almennt séð virtust starfsmenn leita leiða til að sinna endurmenntun þrátt fyrir samkomutakmarkanir, sumir formlega á netnámskeiðum en aðrir með lestri og rannsóknarvinnu á netinu. Almennt höfðu starfsmenn jákvæða sýn á skólastarfið þó margt gott mætti þó bæta. Flestir voru sammála um að hlúa þurfi vel að nemendum félagslega eftir að pestinni lýkur en að nýta mætti ýmislegt frá Covid-tímabilinu inn í skólastarfið til framtíðar, s.s. notkun upplýsingatækninnar.

3.5. Aðrar kannanir

3.5.1. KÖNNUN UM SAMRÆMINGU FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS STARFSFÓLKS

Könnun um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs starfsfólks sem gert er ráð fyrir að fari fram á hverri vorönn í aðgerðabundnu jafnréttisáætluninni fór fram í gegnum Innu á tímabilinu 30. apríl - 7. maí 2021. Tilgangur könnunarinnar er að ná fram upplifun og viðhorfi starfsfólks á því hvernig þeim gengur að samræma starfsskyldur sínar hjá Borgarholtsskóla og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Könnunin var gerð með hliðsjón af markmiði í aðgerðabundnu jafnréttisáætlun Borgarholtsskóla og ákvæði 13. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þátttaka í könnuninni var ekki nema 36%, sjá nánari töflu 11 hér fyrir neðan.

Tafla 11 Könnun um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs starfsfólks, þátttaka.

	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Starfsfólk	149	53	36%

Kynjahlutfallið hjá þeim sem svöruðu var nokkuð jafnt, 42% karlmenn og 58% konur en helstu niðurstöður eru teknar saman í töflu 12 hér fyrir neðan.

Tafla 12 Könnun um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs starfsfólks - niðurstöður.

Spurningar	Svör
Mér gengur vel að samræma starfsskyldur mínar hjá Borgarholtsskóla og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	90% svöruðu þessari spurningu játandi en 10% neitandi.
Ég upplifi sveigjanleika þegar kemur að skipulagningu skólahalds (m.a. hvað varðar skipulagningu á vinnu og vinnutíma) eftir því sem kjarasamningar og aðstæður leyfa.	81% svöruðu þessari spurningu játandi, 15% neitandi en 4% vildi ekki svara.
Ég er upplýst/ur um rétt til fæðingar- og foreldraorlofs og fjarvista vegna veikinda barna.	79% svöruðu þessari spurningu játandi, 13% neitandi en 8% vildi ekki svara.
Ég upplifi sveigjanleika hjá skólanum ef upp koma veikindi fjölskyldumeðlima.	44% svöruðu þessari spurningu játandi, 4% neitandi en 52% sagði ekki hafa reynt á það.
Ég upplifi sveigjanleika hjá skólanum vegna eigin veikinda.	47% svöruðu þessari spurningu játandi, 2% neitandi en 51% sagði ekki hafa reynt á það.

Niðurstöður könnunarinnar voru teknar fyrir á fundi gæðaráðs 11. maí 2021 þar sem var ákveðið að fá trúnaðarfolk til samstarfs um að kynna starfsfólki réttindi varðandi veikindaleyfi og veikindi barna.

4. UMBÆTUR

Allt innra mat Borgarholtsskóla er til umræðu hjá gæðaráði Borgarholtsskóla sem metur þörf á aðgerðum ásamt stjórnendum.